

Ísafjarðarbær
b.t. skipulagsfulltrúa
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Reykjavík 14.6.2021

Fyrirhuguð endurheimt votlendis í landi Brekku á Inggjaldssandi, Ísafirði.

Landeigendur Brekku á Inggjaldssandi og Votlendissjóður hafa skrifað undir samning um endurheimt votlendis á hluta lands Brekku. Enginn landbúnaðar er stundaður á Brekku.

Í aðalskipulag Ísafjarðar 2008-2020 kemur ekki fram hvort landeiganda sé heimil endurheimt votlendis á sínu landi. Á síðu 106 í greinagerð aðalskipulagssins kemur m.a. eftirfarandi fram „*Ekki er gert ráð fyrir landbúnaðarsvæðum þar sem landbúnaður hefur lagst af og aðgengi er lélegt, enda er hagkvæmast að nýta fyrst þau svæði sem eru næst byggð. Með því að hverfisvernda fyrrum landbúnaðarsvæði eru þau varðveitt þannig að nýta megja þau fyrir landbúnað í framtíðinni*“.

Með endurheimt á votlendi í landi Brekku er ekki verið að rýra verðmætt landbúnaðarland í sveitarfélaginu t.d. hæfni lands til akuryrkju í nánustu framtíð.

Votlendissjóður óskar eftir framkvæmdarleyfi fyrir að loka nokkrum gömlu skurðum sem eru á þremur svæðum á jörðinni, merkt á loftmynd 1, 2, 3. Svæði nr.1, er í 1,6 km frá íbúðarhúsinu á Brekku en þar er óformað að fylla ofan í 1200 metra. Svæði nr.2. er í 0,3 km frá húsi, þar er áformað að fylla ofan í 300 metrar. Svæði nr.3. er í 0,6 km fjarlægð frá húsi og þar er áformað að fylla ofan í 600 metrar.

Þverá skilur á milli landa Hrauns og Brekku. Fyrirhugaðar framkvæmdir hafa ekki nein áhrif á tún nágrannajarða eða önnur mannvirki. Sýnileiki framkvæmdanna verður mjög lítill eftir að skurðbakkarnir gróa upp. Umhverfisáhrif framkvæmdanna verða jákvæð m.t.t. umhverfissjónarmiða enda er verið að binda kolefni. Framkvæmdin er í samræmi við yfirlýst markmið stjórnvalda um kolefnisbindingu.

Virðingarfyllst,

fyrir hönd Votlendissjóðs.



Einar Bárðarson, framkvæmdarstjóri

